

Ísafirði 2. febrúar 2006.

TILLAGA AÐ SKIPTINGU BYGGÐAKVÓTA 2005/2006 Á MILLI
BYGGÐALAGA Í ÍSAFJARÐARBÆ.

Á kvótaárinu 2005/2006 var Ísafjarðarbæ úthlutað byggðakvóta alls 409 þorskígildislestum samkvæmt bréfi sjávarútvegsráðuneytis dagsettu 14. september s.l. Í því bréfi voru ákveðnar þorskígildislestir sérstaklega ætlaðar ákveðnum byggðalögum, sem hér segir.

Ísafjörður	140 þorskígildislestir. (Skel- og rækjubætur.)
Hnífsdalur	37 "
Suðureyri	23 "
Þingeyri	79 "

Með bréfi dagsettu þann 12. október s.l., hefur sjávarútvegsráðuneytið staðfest að úthlutun á 140 þorskígildislestum til Ísafjarðar er vegna samdráttar í vinnslu á rækju og skel veiddri hér við land, samanber 3.gr. A lið reglugerðar nr. 722, 4. ágúst 2005.

Miðað við ofangreinda sundurliðun og að henni frádreginni frá heildarkvóta er eftir að ráðstafa alls 130 þorskígildislestum. Lagt er til að skipting þeirra milli byggðalaga verði sem hér segir.

Ísafjörður	51 þorskígildislest.
Flateyri	51 "
Suðureyri	28 þorskígildislestir.

Með þessari ráðstöfun fær Ísafjörður vegna skel- og rækjubáta 140 þorskígildislestir og vegna annarra 51 þorskígildislest. Hnífsdalur fær 37 þorskígildislestir, Þingeyri 79 þorskígildislestir, Suðureyri 51 þorskígildislest og Flateyri 51 þorskígildislest.

Settar verði sérstakar reglur um úthlutun byggðakvóta til einstakra báta, hliðstætt því er gert var við úthlutun byggðakvóta fyrir fiskveiðiárið 2004/2005.

Þannig samþykkt á 195. fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 02.02.06.